

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1995

13. febrúar 1995

55

Nr. 6

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

25. febrúar 1995

Nr. 7

FORSETABRÉF

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Þar eð Alþingi, er nú situr, 118. löggjafarþing, hefur samþykkt tvö frumvörp til stjórnarskipunarлага um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju, og samkvæmt 122. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, að ákveða kjördag.

Samkvæmt þessu veiti ég forsætisráðherra hér með umboð til þess í mínu nafni að rjúfa Alþingi og boða til nýrra kosninga, sem ákveðst að fram skuli fara laugardaginn 8. apríl 1995.

Gjört í Hafnarfirði, 25. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.